

**Sp.**

**177. Fyrirspurn**

[123. mál]

til samgönguráðherra um reksturstekjur Landssíma Íslands o. fl.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hve stór hluti símagjalda fyrir umframsímtöl er greiddur af notendum síma utan Reykjavíkursvæðisins? Hverjar eru meðaltekjur símans af hverjum notanda?
2. Hve miklar eru meðaltekjur símans af umframsímtölum af hverjum notanda á Reykjavíkursvæðinu? (Hér er spurt um öll símataeki í notkun. Stjórnarráð Íslands sé t. d. ekki talinn einn notandi, heldur eins margir notendur og símataeki, sem eru í notkun hjá stjórnarráðinu. Sama regla gildi um ákvörðun um tölu notenda samkv. 1. og 3. spurningu).
3. Hve miklar meðaltekjur hefur síminn af umframsímtölum af hverjum notanda á eftirtöldum stöðum: Hellissandi, Bildudal, Skagaströnd, Hofsósi, Seyðisfirði, Grindavík?
4. Mun Landssíma Íslands verða veitt heimild til byggingar jarðstöðvar til að annast fjarskipti við útlönd, án þess að áður eða jafnframt verði tryggt að sjálfvirka símakerfið um landið verði gert nothæft?